

VETRARHÁTÍÐ

4.-7. FEBRÚAR 2021

Vetrarhátíð verður að vanda haldin hátíðleg um allt höfuðborgarsvæðið fyrstu helgina í febrúar og að sjálfsögðu líka hjá okkur á Seltjarnarnesinu. Frá fimmtudeginum 4. febrúar verða helstu mannvirki á Nesinu lýst upp með norðurljósagrænum ljósum, einkennislit hátíðarinnar. Ljósín munu lýsa upp skammdegið alla Vetrarhátíðina.



Upplifðu á þínum tíma

Á þessari Vetrarhátíð er lögð sérstök áhersla á ljós og listaverk utandyra og í almannarými. Ekki verður boðið upp á tímasetta viðburði heldur er fólk hvatt til að upplifa og njóta á þeim tíma sem hentar hverjum og einum best þessa daga.



Ljós- og listaverkaganga

Tilvalið er að fara í ljós- og listaverkagöngu um Seltjarnarnesið, skoða upplýstu mannvirkin og útilistaverkin sjö sem staðsett eru í góðu göngufæri við Neshringinn (sjá kort á seltjarnarnes.is). Við hvert listaverk er búið að koma upp QR kóða sem með skönnun úr síma í gegnum QR lesara opnar upp síðu með upplýsingum um hvert listaverk. Þar er einnig hægt að smella á hljóðbrot og hlusta á Sólveigu Pálsdóttur rithöfund segja á skemmtilegan hátt frá hverju listaverki fyrir sig.



LISTAVERKIN OKKAR – Sýning á Bókasafni Seltjarnarness

Bókasafn Seltjarnarness hefur í gegnum tíðina hlotið veglegar listaverkagjafir. Mörg verkanna eru dagsdaglega til sýnis á safninu en önnur eru í útláni eða í geymslu. Á Vetrarhátíð verður á bókasafninu sett upp sérstök sýning „LISTAVERKIN OKKAR“ á öllum verkum safnsins fyrir gesti og gangandi og sem flestir hvattir til að skoða þetta einstaka listasafn.

Nánar um listaverk Seltjarnarnesbæjar á seltjarnarnes.is

Gleðilega Vetrarhátíð!